



Reykjavík, 16. febrúar 2021

Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um áform um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs).**

Af hálfu Reykjavíkurborgar er tekið undir mikilvægi þess að lögfesta heimild vinnuveitenda til að afla upplýsinga úr sakaskrá eftir ráðningu.

Rétt þykir að benda á að ekki er fullt samræmi milli gildandi lagaákvæða sem varða öflun upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu. Þetta á m.a. við um þau hegningarlagaákvæði sem vísað er til í hinum ýmsu lögum enda þótt í öllum tilvikum sé gert að skilyrði að viðkomandi hafi ekki gerst sekur um brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga. Ekki verður að öllu leyti séð hvaða forsendur liggja að baki þessum mun. Þá eru nýleg ákvæði í lögum, sem falla utan málefnasviðs mennta- og menningarmálaráðuneytisins, ítarlegri en þau sem heyra undir ráðuneytið og áform um fyrirhugað frumvarp lýtur að. Á það við um ákvæði 2.- 3. mgr. 26. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 2.- 3. mgr. 18. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, eins og þeim síðarnefndu var breytt með lögum nr. 37/2018. Er þar tiltekið að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga en vísað er til sérstaklega, skuli meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögnum þessum hjá sveitarfélögum, byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum sem veita fötluðu fólki þjónustu. Þá er mælt fyrir um að afla skuli samþykkis starfsmanns fyrir því að afla verði upplýsinga um hann úr sakaskrá. Talið er mikilvægt að hugað verði að því hvort rétt sé að leggja til sambærileg ákvæði hvað varðar þá löggjöf sem fyrirhugað frumvarp tekur til.

Auk framangreinds þá er í engum þeirra laga sem sem varða öflun upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu fjallað um þá stöðu þegar fyrir liggur að viðkomandi hefur búið erlendis um lengri eða skemmri tíma og heimildir til gagnaöflunar við þær aðstæður. Í þeim tilvikum má telja að rétt að gera þá kröfu að hlutaðeigandi (starfsmaður) leggi fram fullgild gögn frá viðkomandi landi eða löndum sem sýni fram á að hann hafi ekki gerst brotlegur við ákvæði þar gilda og svara til viðeigandi ákvæða hegningarlaga. Er eðlilegt að hugað verði að þessu efni í fyrirhuguðu frumvarpi.

Virðingarfyllst,  
F.h. Reykjavíkurborgar

Elín Blöndal

skrifstofustjóri, mannauðs- og starfsumhverfissviði